

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli til húsa- 102
bygginga.

16. ágúst.

Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra í þóknanlegu brjefi, dags. í gær, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til, að presturinn í Þingeyra-
prestakalli, sjera Bjarni Pálsson, megi taka 1000 kr. lán, sem endurborgist á 20 árum,
upp á prestakallið til viðreisnar bæjarhúsum á Hjaltabakka, sem brunnu 23. desbr. f. á.,
með því skilyrði, að presturinn á sínum tíma sanni á fullnægjandi hátt, að kostnaður-
inn hafi orðið svo mikill að minnsta kosti, sem lánsupphæðinni nemur.

Svo vil jeg og samkvæmt tillögum yðar veita leyfi til, að sami prestur taki ann-
að lán að upphæð 1000 kr., með sömu borgunarskilmálum, sömuleiðis upp á prestakall-
ið, til húsabóta á Steinnesi, þannig, að nýju húsi verði bætt við hið núverandi bæjarhús
og þau látin standa, og að hið nýja hús verði sjerstök eign prestakallsins, þó svo, að
lánsupphæðin verði ekki útborguð fyrr en byggingunni er lokið, og sannað er með lög-
legri úttektargjörð að nýhýsið sje að minnsta kosti 1000 kr. virði

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 103
flutning á þingstað.

19. ágúst

Með þóknanlegu brjefi, dags. 12. p. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer
beiðni hreppsnefndarinnar í Andakýlshreppi ásamt meðmælum hlutadeigandi sýslumanns
um að þingstaður hreppsins megi eptirleiðis vera á Hvítárvöllum í staðinn fyrir á
Heggsstöðum, og hafið þjer lagt það til, að hið umbeðna leyfi verði veitt.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til frekari birtingar, að
jeg veiti samþykki mitt til, að manntalsþing og hreppsfundir fyrir Andakýlshrepp verði
að þar til fengnu leyfi frá eiganda og ábúanda Hvítárvalla, haldnir á Hvítárvöllum, og
ber hreppsnefndinni að sjá fyrir eða útvega sæmilegt húsnæði þar á staðnum til þing-
haldanna.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norður og Austuramtinu, um sveit- 104
festi þurfalings. — Eptir að jeg hef fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 19. ágúst
19. maí p. á. viðvíkjandi áfrýjan hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshreppi á úrskurði yðar
um sveitfesti Stefáns nokkurs Stefánssonar, 8. apríl f. á. skal yður hjer með þjónustusamlega
tjáð til frekari birtingar, að jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem nefndur úrskurður
yðar er byggður á, og staðfestist hann því í öllum greinum¹.

¹) Úrskurður amtmannsins er svo hljóðandi:

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra sýslumaður, dagsett 31. f. m. og þarmed
umsögn hreppsnefndarinnar í Vallahreppi, viðvíkjandi erindi nokkru frá hreppsnefndinni í Hrafnagils-
hreppi, þar sem hún áfrýjar til amtsins úrskurði yðar 25. júlí f. á., en þar álitíð þjer að Stefán nokk-
ur Stefánsson, sem hafði þegið styrk af fátækrafje í Húsavíkurhrepp í Þingeyrasýslu, eigi sveit í
Hrafnagilshreppi, hefur amtið í dag lagt svo látandi úrskurð á sveitfestismál þetta.

Eptir að óvissa nokkur hafði leikið á um það, hvar og hvenær Stefán þessi, sem eptir þeim
skýrslum, er fyrirleggja, hefur hvergi sveitfest sig með lögboðinni dvöl í nokkrum hrepp eptir að hann
varð 16 ára að aldri, væri fæddur, og sú niðurstaða orðið á þessu, samkvæmt vottorði frá prestinum að
Völlum í Svarfaðardal, að Stefán væri fæddur á Syðra-Kálfskinni í Arnarneshrepp, kom það upp síðar
að vottorð þetta væri byggt á misskilningi á hlutadeigandi kirkjubók og varð það sannað með kirkju-
bókarvottorði prestsins að Tjörn í Svarfaðardal, að Stefán, sem er óskilgetinn sonur Hallfríðar nokk-

3. dag september-mán. 1890.

105 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um 19. ágúst sveitfesti þurfalings.** — Eptir að jeg hef fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 18. f. m., viðvíkjandi áfrýjan hreppsnefndarinnar í Vallahreppi í Eyjafjarðarsýslu á úrskurði yðar, dags. 27. febr. f. á., um sveitfesti stúlkunnar Jakobínu Guðrúnar Jónsdóttur eða «Jakobsen», skal jeg hjer með tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er samþykkur ástæðum þeim, er tjeður úrskurður yðar er byggður á, og skal hann því að öllu leyti óraskaður standa¹.

urrar Símonardóttur, væri fæddur 12. maí 1852 á Miðkoti í Vallahreppi, ekki á Efstakoti eins og segir í úrskurði yðar, en með því Hallfríður hafi verið vistráðið hjú 18^{51/52} á Eyrarlandi í Hrafnagilshreppi, þaðan er hún fór á útmánuðum 1852, hafði þjer álitid að Stefán ætti sveit í Hrafnagilshrepp.

Það verður þá fyrst, eins og þjer takið fram. að álitast fullsannað, að Hallfríður Símonardóttir, móðir Stefáns Stefánssonar, hefur verið vistráðið hjú á Eyrarlandi vistarárið 18^{51/52}; en þótt vistráðin kunnir að hafa verið ríptuð nokkru fyrir lok vistarársins, og þótt Hallfríður færi alfarin frá Eyrarlandi á útmánuðum 1852, eða jafnvel, eptir skýrslu hreppsnefndarinnar í Vallahrepp, eigi fyr en um sumarmál, þá hafði hún samt ekkert lögheimili á Miðkoti í Vallahrepp, þar sem hún fæddi son sinn Stefán 12. maí 1852, rjett fyrir lok vistarársins, og virðist í því tilliti leitt í ljós, að Hallfríður hafi fyrst verið í Efstakoti í Vallahrepp hjá foreldrum sínum eptir að hún fór frá Eyrarlandi, svo ýmist á Miðkoti, eptir vottorði prestsins að Tjörn og ýmist í Saudaneskoti, og svo frá því seinna um sumarið á Hálsi í Vallahrepp, uns hún 1853 fór að Kálfskinni, Ytra eða Syðra, í Arnarneshreppi.

Að svo vöxnu máli og samkvæmt 7. gr. fátækra-reglugjörðarinnar 8. jan. 1831, verð jeg að álíta, að áðurnefnd Hallfríður Símonardóttir hafi haft lögheimili sitt í Hrafnagilshrepp, þá er hún fæddi Stefán, eða næst fyrir fæðingartímann, og að Stefán Stefánsson skuli því, eins og þjer hafði úrskurðað, álitast sveitlægur ásamt hyski sínu í Hrafnagilshrepp.

1) Úrskurður amtmannsins í máli þessu er svo hljóðandi:

Eptir að þhafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra sýslumaður, dags. 27. desbr. f. á. og þar með fylgjandi yfirlýsingu hreppsnefndarinnar í Vallahrepp, þar sem hún synjar fyrir að viðurkenna, sveitfesti Jakobínu Guðrúnar nokkurrar Jónsdóttur eða Jakobsdóttur eða Jakobsen, og ennfremur leitað og meðtekið umsögn hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshrepp hjér að lútandi, hefir amtið í dag lagt svólátandi úrskurð á þetta mál.

Eptir að bæjarstjórnin í Kaupmannahöfn í brjefi dags. 20. desbr. 1888 hafði tjáð mjer, að stúlka nokkur íslenzk, sem kallaði sig Jakobínu Jakobsen, hefði orðið þurfandi sveitarstyrks sökum veikinda, og heidst þess, að yfirlýsing Vallahrepps í Eyjafjarðarsýslu, þar sem bæjarstjórnin eptir framburði Jakobínu áleit hana sveitlæga, yrði útvegud um það, hvort hreppurinn vildi viðurkenna sveitfesti stúlku þessarar, er það við ítarlegri rannsóknir og yfirheyrzlu komið fram, að hið rjetta nafn þessarar stúlku er Jakobína Guðrún Jónsdóttir eða Jakobsdóttir, og að hún er fædd 12. maí 1858 á Þverá í Urðasókn í Vallahrepp, og er óskilgetin dóttir Guðrúnar nokkurrar Jónsdóttur, nú til heimilis á Kárastöðum í Svinavatnshrepp innan Húnavatnssýslu, en faðir Jakobínu er nefndur Jón Jakob. Það verður nú að álitast nægilega sannað, að Jakobína hafi eigi með dvöl áunnið sjer sveit í neinum hrepp, og eru þá úrslit þessa máls undir því komin, hvar álitid verði að hún eigi fæðingahræpp.

Í þessu tilliti virðist það upplýst, sjerilagi af skýrslu móður bennar, Guðrúnar Jónsdóttur, að Guðrún hafi verið vistráðin á Eyrarlandi í Hrafnagilshrepp frá hjúaskildaga 1857 fram á haustið s. á. en þá brá húsmóðir hennar búi. Guðrún hvarflaði þá vestur í Húnavatnssýslu til föður síns, sem átti heima í Kollugerði í Vindhælishrepp, en þaðan varð hún að fara eptir skamma dvöl, að sögn hennar vegna þess, að hreppstjórnin vildi eigi að hún væri þar, hvað eigi hefur verið hægt að sanna eptir svo langan tíma. Hún fór þaðan í Skagafjörðinn, og dvaldi þar um veturinn eptir, en um vorid fór hún norður í Svarfárdal, og ól þar Jakobínu á Þverá í Urðasókn innan Vallahrepps, eptir því, sem hún segir sjálf á ferð þar; rjebist hún svo í vist, eptir að hún var heil orðin, að Koti í sama hrepp. Með svofelldu móti verður amtið að álíta, að það hafi eigi getað orðið upplýst hvar Guðrún móðir Jakobínu Guðrúnar hafi átt fast lögheimili á þeim tíma, er Jakobína Guðrún Jónsdóttir fæddist, og að hún því samkvæmt niðurlagi 7. gr. fátækra-reglugjörðar 8. jan. 1831, eigi framfærslu í Vallahrepp, þar sem hún fæddist; ber því nefndum hrepp að endurgjalda bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn, sem í fyrnefndu brjefi sínu 20. desbr. 1888 hefur áskilið sjer að senda reikning, framlag hennar til áðurnefndrar Jakobínu.